



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun virknistefnu

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Inngangur:

Við gerð stefnunnar skal líta til núverandi fyrirkomulags virkniúrræða velferðarsviðs en Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í lok árs 2020 að stofna sérstakt Virkniús í borginni þar sem haldið er utan um öll virkniúrræði velferðarsviðs borgarinnar á einum stað. Í Virkniúsi getur fólk farið margþættar leiðir í endurhæfingu í tengslum við þátttöku á vinnumarkaði eða í átt til aukinnar virkni og samfélagsþátttöku. Markmiðið er að bæta lífsgæði fólks og auka tækifæri þess í lífinu með áherslu á sjálfsstyrkingu, nám og bata. Reykjavíkurborg samþykkti jafnframt í upphafi árs 2022 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun sem er þróunarverkefni til tveggja ára þar sem áhersla er lögð á að hjálpa einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, við að komast í daglega rútinu, öðlast sjálftraust og opna augun fyrir lausnum m.a. að finna starf við hæfi og veita undirbúning og eftirfylgd í störf. Sér í lagi skal leggja áherslu á flóttafólk og ungt fólk.

Jafnframt skal líta til velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem samþykkt var í júní 2021, og atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar 2020-2030.

Áskoranir í velferðarþjónustu eru margar og mikilvægt að þær séu ávarpaðar í heildstæðri stefnu um virkni. Breyttar samfélagsþarfir, samsetning notandahópsins og kröfur til þjónustu kalla á nýsköpunarhugsun og breytt vinnulag um framkvæmd þjónustunnar..

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta heildstæða virknistefnu til að stuðla að aukinni þátttöku og virkni í samfélaginu. Horfa skal sérstaklega til þeirra sem mæta hindrunum í atvinnuleit og virkni og þurfa á þjónustu velferðarsviðs að halda. Stefnunni er ætlað að ná fram heildarmynd af mismunandi þörfum þeirra sem þurfa á stuðningi og hvatningu til virkni að halda. Hópurinn kortleggi virkniúrræði velferðarsviðs og hvort og hvernig þau endurspeglar þarfir tiltekinna einstaklinga og hópa. Leggja skal fram tillögur að nýjum og eða breyttum úrræðum á grundvelli kortlagningar og annarrar greiningarvinnu. Skoða skal með hvaða hætti tryggja megi notendamiðaða nálgun og að enginn verði skilinn eftir. Jafnframt skal skoða með hvaða hætti megi nýta rafrænar lausnir í framkvæmd þjónustunnar. Forgangsraða skal verkefnum og skipuleggja þjónustuna þannig að stefnan verði ávallt leiðarljós þjónustunnar. Stefnan skal jafnframt endurspeglar og hafa samhljóm við aðrar stefnur og áherslur Reykjavíkurborgar.

Formaður leiðir starfshópin og ákveður nánari tilhögun um vinnu hans.

Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundargerða og önnur praktísk atriði.

Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsfólki í deild gæða og rannsókna og í fjármáladeild.



Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar sem jafnframt er formaður.

Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Fulltrúi notenda.

Fulltrúi hagsmunafélags.

Þóra Kemp, teymisstjóri Virkni húss.

Starfsmaður starfshópsins:

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, teymisstjóri atvinnu- og virknimiðlunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig, eftir því sem við á, ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Stefnan skal unnin í samráði við notendur.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok janúar 2023.

Reykjavík, 5. ágúst 2022

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri